

Fundur í fagráði nautgriparæktar 25. apríl 2017

Fundargerð

Fundurinn var símafundur og hófst kl. 21.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Baldur Helgi Benjamínsson, Björn S. Gunnarsson, Gunnar Kr. Eiríksson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Pétur Diðriksson, Þórarinn Leifsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Þóroddur Sveinsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar
3. Önnur mál

1. Fundarsetning

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 16. mars 2017, samþykkt.

2. Umsóknir í Þróunarsjóð nautgriparæktarinnar

Teknar voru til umfjöllunar umsóknir sem bárust í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar en umsóknarfrestur var til 1. apríl s.l. Farið yfir eldri skuldbindingar sjóðsins í byrjun. Ákveðið að fella niður styrkloforð frá 2011 til Bændasamtaka Íslands vegna jarðræktarbókar en það verkefni hefur aldrei farið af stað. Þá var styrkloforð til Landbúnaðarháskóla Íslands og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins vegna hagræns vægis í nautgripa- og sauðfjárrækt felld niður þar sem umsækjendur hafa fallið frá verkefninu í þeirri mynd sem sótt var um á sínum tíma.

Þessu næst var farið yfir umsóknir í sjóðinn:

a. Áhrif kjarnfóðurs í stað mjólkurdufts á vöxt og þroska smákálfa

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Þóroddur Sveinsson. Verkefnið gengur út á að skoða hvort lækka megi kostnað við eldi smákálfa með kjarnfóðurgjöf í stað mjólkurdufts án þess að það komi niður á vexti og þroska fyrstu 4-5 mánuði eftir fæðingu. Verkefnið er BS-verkefni Hauks Marteinsonar við LbhÍ.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mjög áhugavert og að það geti nýst greininni og bætt við þá þekkingu sem er óðfluga að byggjast upp um fóðrun ungválfá hérlendis. Mælt er með að verkefnið verði styrkt um allt að kr. 400.000.

b. Bætt aðstaða til sæðinga á starfssvæði Búnaðarsamtaka Vesturlands

Umsókn frá Búnaðarsamtökum Vesturlands. Verkefnisstjóri er Unnsteinn Snorri Snorrason. Verkefnið gengur út á að gera úttekt á aðstöðu við nautgripasæðingar á starfssvæði Búnaðarsamtaka Vesturlands, sérstaklega í lausagöngufjósum. Kannaður verði árangur sæðinga með tilliti til mismunandi aðbúnaðar. Framleiðendur verða heimsóttir og gerðar tillögur um úrbætur þar sem þörf er á.

Afgreiðsla: Fagráð telur að um áhugavert verkefni sé að ræða en það sé of sértækt til þess að falla nægilega vel að markmiðum sjóðsins varðandi kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og

þróun og verði því hafnað. Þessu til viðbótar má nefna að fagráð hyggst standa fyrir gerð verklagsreglna/tilmæla varðandi aðstöðu til sæðinga sem beint verði til bænda.

c. Huppa – breytingar vegna lögbundins skýrsluhalds

Umsókn frá Bændasamtökum Íslands. Verkefnisstjóri er Þorberg Þ. Þorbergsson. Umsókn vegna breytinga á skýrsluhaldskerfi nautgriparæktarinnar með tilkomu samnings um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar. Um er að ræða breytingar til þess að geta gert greinarmun á aðgangi manna þannig að þeir sem sinna lögbundnu skýrsluhaldi geti keypt sér ódýrari aðgang að Huppu en ella.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert og nauðsynlegt að notendur Huppu eigi kost á ódýrari aðgangi til þess að uppfylla skilyrði til greiðslna samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar. Hins vegar telur fagráð að verkefnið falli ekki nægilega vel að markmiðum sjóðsins varðandi kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun og verði því hafnað.

Guðmundur Jóhannesson, Guðný Helga Björnsdóttir og Gunnar Kr. Eiríksson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

d. Greining á arfgerð sæðingana Nautastöðvar Bændasamtaka Íslands

Umsókn frá Bændasamtökum Íslands. Verkefnisstjóri er Baldur Helgi Benjamínsson. Markmið verkefnisins er að greina arfgerð reyndra nauta f. 1990-2012 sem hafa verið afkvæmaprófuð og því með mælingar á svipgerð. Með tengingu svipgerðar og arfgerðar þeirra einstaklinga sem mynda grunnerfðahópinn má leiða fram spálíkan sem notað er til að meta kynbóttagildi gripa á fyrstu mánuðum æviskeiðs þeirra. Slíkt gerir hefðbundnar afkvæmaprófanir óþarfar, styttir ættliðabil og eykur þannig erfðaframarir verulega, auk þess að draga mjög úr kostnaði við ræktunarstarfið og rekstur nautastöðvarinnar.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið mjög áhugavert og aðkallandi og að það muni nýtast mun greininni til framtíðar með gríðarmikilli aukningu erfðaframfara. Verkefnið fellur mjög vel að þeim áherslum sem fagráð hefur á komandi misserum og því er mælt er með að það verði styrkt um allt að kr. 5.000.000.

Guðmundur Jóhannesson, Guðný Helga Björnsdóttir og Gunnar Kr. Eiríksson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

e. Fóðurmatskerfi fyrir mjólkurkúr

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Borgar Páll Bragason. Verkefnið er liður í áframhaldandi þróun NorFor þannig að hugbúnaðurinn mæti þörfum og kröfum kúabænda.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið áhugavert en telur eðlilegt að árgjald af fóðurmatskerfi sé innheimt í þjónustugjöldum og verði því hafnað. Fagráð minnir á bókun sína þann 24. apríl 2015 að lagt verði fram sundurliðað yfirlit um tekjur og gjöld vegna forritsins TINE-Optifor og þess að eðlilegs jafnræðis sé gætt í gjaldtöku milli notenda sem fylgdi fyrra styrkloforði. Guðmundur Jóhannesson, Guðný Helga Björnsdóttir og Gunnar Kr. Eiríksson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

f. Hagkvæm gróffóðuröflun

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Borgar Páll Bragason. Verkefnið byggir á að miðla þekkingu á kostnaði við gróffóðuröflun til bænda í fundaröð um allt land. Á sama tíma verður safnað upplýsingum frá bændum til að efla þekkingu og ráðgjöf varðandi kostnað og breytileika kostnaðarliða við gróffóðuröflun.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið bæði mikilvægt og áhugavert. Lagt er til að verkefnið verði styrkt um kr. 1.000.000 til gerðar fagefnis sem verði svo gert aðgengilegt á veraldarvefnum

Guðmundur Jóhannesson, Guðný Helga Björnsdóttir og Gunnar Kr. Eiríksson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

g. Bætt nýting mjaltþjóna

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Jóna Þórunn Ragnarsdóttir. Markmið verkefnisins er að búa til hjálpartæki þar sem hægt er að bera saman nyt og framleiðslu á búum með mjaltþjóna, mætingu kúnna í mjaltir, mjaltahraða, notkun fóðurs og fóðurnýtingu ásamt því að taka saman kennsluefni fyrir bændur um stillingar mjaltþjóna.

Afgreiðsla: Fagráð bendir á að skýrsla um bætt nýtingu mjaltþjóna var skrifuð af Snorra Sigurðssyni í janúar 2016. Þar má finna það sem helst er að í mjaltþjónafjósum og hvernig má laga hlutina ásamt gátblöðum til yfirferðar um fjósið. Með hliðsjón af því er lagt til að verkefninu verði hafnað.

Guðmundur Jóhannesson, Guðný Helga Björnsdóttir og Gunnar Kr. Eiríksson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

h. Leiðir að árangursríkri nautakjötsframleiðslu

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Baldur Örn Samúelsson. Markmið verkefnisins er að búa til bækling með helstu atriðum er nautakjötsframleiðendur þurfa að hafa í huga við árangursríka framleiðslu nautakjöts, þ.e. að ná góðri flokkun og fallþunga á hagkvæman hátt. Farið verður yfir helstu atriði er varða aðbúnað, velferð og fóðrun.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið allrar athygli vert og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 420.000. Skilyrði er að efnið verði gert aðgengilegt á netinu. Fagráð bendir jafnframt á að RML á ennþá ólokið verkefninu „Efling búrekstrar nautakjötsframleiðenda“ og á inni kr. 1.186.000 í óinnheimtu styrkloforði frá þróunarsjóðnum til að ljúka því verkefni.

Guðmundur Jóhannesson, Guðný Helga Björnsdóttir og Gunnar Kr. Eiríksson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

i. NCDX – samnorrænn gagnagrunnur í nautgriparækt

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Guðmundur Jóhannesson. Verkefnið felst í tengingu nautgriparæktarkerfisins Huppu við NCDX-gagnagrunninn sem er samnorrænn gagnagrunnur sem sækir og sendir gögn í mjaltakerfi og nautgriparæktarkerfi Norðurlandanna. Verkefnið er í raun þrískipt. Aðlaga þarf NCDX-gagnagrunninn að nautgriparæktarkerfinu Huppu og öfugt þannig að þessi tvö kerfi "tali saman", þ.e. lyklun kerfanna verði samhæfð. Setja þarf upp samskiptamáta þannig að kerfin séu ávallt samtengd og sækir og sendi stöðugt upplýsingar sín á milli sem og mjaltakerfa hjá bændum hérlendis.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið bæði mikilvægt og áhugavert og leggur til að það verði styrkt um allt að kr. 3.000.000. Jafnframt verði heimilt að nýta eftirstöðvar styrkloforðs vegna verkefnisins „Skráning afurða og söfnun gagna úr mjaltþjónum“ til þessa verkefnis, kr. 1.072.000 í þetta verkefni enda verkefnin nátengd og þetta verkefni í raun framhald á því fyrra.

Guðmundur Jóhannesson, Guðný Helga Björnsdóttir og Gunnar Kr. Eiríksson tóku ekki þátt í

afgreiðslu þessa máls.

j. Eftirlit með dætrum Birtings og Birtingssona

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Guðmundur Jóhannesson. Verkefnið felst úrvinnslu gagna úr kúaskoðunum og öflun viðbótarupplýsinga um dætur og sonardætur Birtings 05043 en undan honum hefur komið fram einn gripur með fláttu.

Birtingur var á sínum tíma mikið notað kynbótanaut sem skilað hefur afburðadætrum sem ekki hafa verið samþykktar sem nautsmæður vegna þessa. Fyrstu synir hans koma til afkvæmadóms á næsta ári og þá er mikilvægt að fyrir liggja sem mestar upplýsingar þannig að hægt sé að taka vel rökstudda ákvörðun um framhaldsnotkun þeirra og dætra Birtings sem nautsmæður.

Afgreiðsla: Fagráð leggur til að þessari umsókn verði hafnað en leggur jafnframt til að búin verði til einföld auglýsing með mynd af fláttu sem verði send heim á öll bú með næstu ungnautaspjöldum og bændur beðnir að skoða sína gripi og láta vita (helst með mynd) ef nokkur grunur er um fláttu eða aðra galla. Lögð verði áhersla á að allir sem eiga gripi út af Birtingi verði vakandi gagnvart þessum göllum (einnig heimanautabændur).

Guðmundur Jóhannesson, Guðný Helga Björnsdóttir og Gunnar Kr. Eiríksson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

k. Hagrænt vægi eiginleika í nautgriparækt

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir.

Meginmarkmið verkefnisins er að meta hagrænt vægi eiginleika í kynbótamarkmiði nautgripa og nýta niðurstöður við endurskoðun ræktunarmarkmiðs. Niðurstöður nýttast beint inn í kynbótastarfið til að endurmeta vægi eiginleika í kynbótaeinkunn nautgriparæktar. Þannig verður kynbótastarfið markvissara og betur tengt raunverulegu verðmæti framfara til hagsbóta fyrir bændur og greinina í heild. Þessi vinna er forsenda þess að geta inleitt ræktunarstarf með hjálp erfðamarka á skipulegan hátt og geta tekið upplýstar ákvarðanir um framtíðarskipulag í nautgriparækt.

Afgreiðsla: Fagráð telur verkefnið ákaflega mikilvægt en með hliðsjón af takmörkuðum fjárráðum þróunarsjóðs er ekki hægt að fjármagna umsóknina að fullu. Lagt er til að verkefnið sé styrkt um allt að kr. 2.000.000. Fagráð bendir jafnframt á að full ástæða er til að leita fjármuna í verkefnið á öðrum vettvangi og/eða sækja aftur um frekari fjármögnun í þróunarsjóð síðar.

Guðmundur Jóhannesson, Guðný Helga Björnsdóttir og Gunnar Kr. Eiríksson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

Guðný Helga Björnsdóttir, Gunnar Kr. Eiríksson, Guðmundur Jóhannesson og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir viku af fundi við umfjöllun og afgreiðslu frá og með lið 2c. til og með liðar 2k. Baldur Helgi Benjamínsson vék af fundi við umfjöllun um lið 2d.

3. Önnur mál.

Baldur Helgi sagði örstutt frá gangi mála varðandi erfðamengisúrvalið. Send voru sýni eða sæði úr 48 nautum til arfgerðargreiningar til Danmerkur fyrir páska. Undirbúningur sýnatöku úr kúm er í fullum gangi og stefnan sú að hefja sýnatöku í vor. Rætt hefur verið við dýraverndunarsamtök og Matvælastofnun varðandi sýnatökur þannig að tryggt sé að sú framkvæmd verði í samræmi við lög og reglur og fullri sátt við alla aðila.

Guðmundur sagði næstu kynbótamatskeyrslu verða gerða í maí. Þá nefndi hann að meistara-
verkefni Jóns Hjalta Eiríkssonar um þróun kynbótamats er byggir á mælidagalíkani (e. Test Day
Model) lítur vel út, fyrstu niðurstöður benda til mun hærra arfgengis á afurðapáttum en áður. Jón
Hjalti stefnir á skil og meistaravörn í október n.k.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Gunnar Kr. Eiríksson

Pétur Diðriksson

Þórarinn Leifsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Björn S. Gunnarsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð fagráðs, dags. 16. mars 2017
2. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar